

greiði stefnda, Birni Jónssyni ráðherra, 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 5. dag septembermán.

Nr. 14/1910:

Ráðherra Íslands
fyrir hönd landssjóðs
gegn
J. V. Havsteen.

D ó m u r:

Þegar gufuskipið Vesta hafnaði sig í Fáskrúðsfirði 12 marz f. ár, hafði það meðferðis ýmisleg vínföng og ölföng til hins stefnda, etazráðs J. V. Havsteen, og var tollur greiddur af vörum þessum þar á staðnum samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901. En eftir að út voru komin lög nr. 3 31. marz 1909 um bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi, lagði stjórnarráðið fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra að reikna og heimta tollinn eftir þessum lögum; var stefndi samkvæmt því krafinn um aukagjald eftir 3. gr. þessara laga, er reiknaðist 549 kr. 43 aur., og er hann neitaði að greiða það, var þess krafist af bæjarfógetanum á Akureyri, að hann tæki aukagjald þetta lögtaki hjá stefnda. En með úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. nóvbr. f. ár, neitaði

bæjarfógetinn að taka kröfuna til greina, og úrskurðaði að lögtaksgjörðin skyldi eigi njóta framgangs. Þessum úrskurði hefir ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 29. marz þ. á. og hefir þess verið krafist af hálfu áfrýjanda, að fógetaúrskurðurinn væri feldur úr gildi, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma hið umbeðna lögtak og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins. Stefndi, etazráð J. V. Havsteen, hefir af sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjandi úrskurður verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Ágreiningurinn í máli þessu er eingöngu um það, hvort stefnda hafi verið skylt að greiða aukagjald samkvæmt 3. gr. laga 31. marz 1909 af vín og ölföngum þeim, sem hann fekk með Vestu í marzmánudi 1909, en um upphæð aukagjaldsins er enginn ágreiningur, og eigi heldur um það, að Vesta kom til Fáskrúðsfjarðar og sýndi þar skjöl sín 12. marz f. ár. Nú segir í nefndum lögum, að af þeim ofangreindum vörum, sem aðflutningsgjald er hækkað á, eða nýtt gjald á lagt, og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skal greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu. Með því að hér segir: »frá 12. marz« en eigi »eftir 12. marz«, verður eftir málvenju, sbr. orðtakið: frá 1. janúar, frá 1. febr. o. s. frv., sem er í fullu samræmi við lagamál vort, sbr. lög nr. 42 um friðun hreindýra 8. nóvbr. 1901, 1. gr., lög nr. 50 um friðun fugla 27. nóvbr. 1903, 3. gr., póstlög nr. 16, 13. nóvbr. 1901, 11. gr. c og e, og fl., — að skilja ákvæðið svo, að 12. dagur marzmánaðar sé með talinn, eða að ákvæðið gildi

og fyrir þennan dag, og að fyrir því hafi átt að greiða aukagjald samkvæmt lögnum af áminstum tollskyldum vörum, en með lögnum var tollgjald einmitt hækkað á þeim. Samkvæmt þessu verður að fella fógetaúrskurðinn úr gildi, og leggja fyrir fógétann á Akureyri að framkvæma hina umbeðnu lögtaksgjörð, en eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður er úr gildi felður og ber fógétanum í Akureyrarkaupstað að framkvæma hina umkröfðu lögtaksgjörð hjá stefnda, etazráði J. V. Havsteen. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 45/1910:

Réttvísín

gegn

Steingrími Benediktssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. júní þ. á., var hinn ákærði, skósmiður Steingrímur Benediktsson á Ísafirði, dæmdur fyrir innbrotspjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum 25. júní 1869, 231. gr., til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða allan löglegan sakarkostnað, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirrettarins eftir ósk hins ákærða.